

Félög fjölmiðlafólks, grafískra hönnuða og listamanna 1980–2005

Associations of media people, graphic designers and artists 1980–2005

Samantekt

Í þessu hefti Hagtiðinda er gerð grein fyrir fjölda fullgildra félagsmanna í félögum fjölmiðlafólks, listamanna, teiknara og grafískra hönnuða og skiptingu þeirra eftir kyni á árabílinu 1980 til 2005. Tala félagsmanna í félögunum er mjög mismunandi, allt frá fáeinum tugum í nær 700 manns. Á undangengnum árum hefur félagsmönnum margra félaga fjölgað umtalsvert. Við síðustu áramót voru félagar í samtökum blaða- og fréttamanna 669 talsins. Þar af voru karlar nærri sjö af hverjum tíu félagsmönnum. Innan vébanda tveggja félaga grafískra hönnuða og teiknara voru 342 félagsmenn í árslok 2005. Skiptust félagsmenn beggja félaga tiltölulega jafnt milli kynja. Samanlagður fjöldi félagsmanna þeirra 15 félaga listamanna sem þetta yfirlit nær til var við síðustu áramót ríflega 3.000 manns. Skipting félagsmanna eftir kyni er konum í óhag innan flestra félaga. Af 15 félögum eru karlar í meirihluta 11 félaga en konur skipa meirihluta félagsmanna í fjórum þeirra.

Inngangur

Hagstofa Íslands tekur árlega saman upplýsingar um fjölda félagsmanna samtaka og félaga fjölmiðlafólks, listamanna, grafískra hönnuða og teiknara. Í þessu hefti *Hagtiðinda* er gerð grein fyrir félögunum, hlutverki þeirra og tilgangi, félaga fjölda og skiptingu félagsmanna eftir kyni á hverju fimm ára tímabili, frá 1980 til 2005, eða svo langt aftur sem gögn leyfa. Upplýsingarnar taka til fullgildra félagsmanna við árslok.¹

Blaða- og fréttamenn

Blaðamannafélag Íslands

Blaðamannafélag Íslands er stéttar- og fagfélag blaða- og fréttamanna, þó að fréttamönnum Ríkisútvarps undanskildum (sjá Félag fréttamanna). Innan vébanda Blaðamannafélagsins eru einnig sjálfstætt starfandi fjölmiðlamenn og almanna-tenglar. Upphaf félagsins má rekja allt aftur til 1897. Félagið lognaðist nokkrum sinnum útaf, en í núverandi mynd hefur það starfað óslitið frá árinu 1937.²

Félagið á aðild að Fjölmiðlasambandinu, samstarfsvettvangi stéttarfélaga fólks í fjölmiðlun, útgáfu, prentun og skyldum greinum. Félagið er eitt af aðildarfélögum

¹ Með fullgildum félagsmanni er hér átt við félag sem nýtur óskertra félagsréttinda og sem hefur fullan mál-, tillögu- og atkvæðisrétt á fundum félagsins.

² Sjá *Blaðamannafélag Íslands*, www.press.is/. –Yfirlit um sögu félagsins má m.a. lesa í Guðjóni Friðrikssyni (2000) *Nýjustu fréttir! Saga fjölmiðlunar á Íslandi frá upphafi til vorra daga*, Reykjavík, 18. og 46. kafli.



Alþýðusambands Íslands (ASÍ). Það er aðili að Fjöls, hagsmunafélagi samtaka sem koma fram fyrir hönd rétthafa að verkum sem njóta höfundarréttar og nýtt eru með ljósrítun eða annarri hliðstæðri eftirgerð rita, og Innheimtumiðstöð gjalda (IHM,) innheimtusamtökum samtaka höfunda og grannrétthafa er annast innheimtu gjalda af tækjum, diskum, plötum og öðrum hlutum til hliðrænnar og stafrænnar upptöku samkvæmt ákvæði höfundalaga.¹

Blaðamannafélagið er aðili að Norræna Blaðamannasambandinu, Alþjóða blaðamannasambandinu og Evrópska blaðamannasambandinu.

Siðanefnd er starfandi á vegum Blaðamannafélagsins sem skipuð er fulltrúum fjölmiðlafólks og útgefenda, auk fullrúa skipuðum af Siðfræðistofnun Háskóla Íslands.

Félag fréttamanna *Félag fréttamanna* er stéttarfélag fréttamanna Ríkisútvarpsins, hljóðvarps og sjónvarps. Félagið var stofnað 1983 og er eitt af aðildarfélögum Bandalags háskólamanna (BHM). Aðild að Félagi fréttamanna útilokar ekki aðild að Blaðamannafélagi Íslands.

Fjöldi félagsmanna

*Tvöföldun á fjölda félagsmanna
frá 1985*

Samfara vexti og viðgangi fjölmiðlunar hefur félagsmönnum beggja félaga fjölgað umtalsvert á undanförunum árum og áratugum. Samanlagður fjöldi félagsmanna félaganna var 669 um síðustu áramót. Tala félagsmanna hefur nær þrefaldast frá árinu 1985 þegar samanlagður fjöldi félagsmanna beggja félaga var 251.

Félögum Blaðamannafélags Íslands hefur fjölgað samfelld undangenginn aldarfjórðung, eða allan þann tíma sem tölur Hagstofunnar ná yfir. Innan vébanda félagsins voru skráðir um síðustu áramót 607 fullgildir félagar (sjá mynd 1). Tala félagsmanna hefur meira en tvöfaldast frá 1990, er þeir voru 257 talsins og hartnær fjórfaldast frá 1980 þegar félagsmenn voru 154.


Fullgildir félagar í Félagi fréttamanna voru 62 í árslok 2005. Félögum hefur fjölgað hægt og bítandi undanfarin ár, eða úr 43 árið 1985 (sjá mynd 1).

Sjá nánar um fjölda félagsmanna Blaðamannafélagsins og Félags fréttamanna í töflu 1.

¹ Lög nr. 73/1972, ásamt síðari breytingum.

Mynd 1. Félagar í félögum fjölmiðlafólks 1980–2005

Figure 1. Members of associations of journalists and media people 1980–2005



Kynjaskipting

Kynbundin slagsíða fjölmiðla

Niðurstöður athugana sem gerðar hafa verið á efni fjölmiðla hér á landi á undanförunum árum sýna að nokkuð hallar á hlut kvenna í fréttum, umfjöllunarefni og við val á viðmælendum fjölmiðla. Um leið og kynbundin slagsíða í efni fjölmiðla undirstrikar ólíka stöðu kynjanna í samfélaginu er ekki loku fyrir það skotið að kynbundið ójafnræði í efni og viðmælendum fjölmiðla megi að nokkru rekja til mismunandi stöðu kynjanna inni á fjölmiðlunum sjálfum.¹ Starfsmenn sem mestu ráða um efnisval og efnistöð, ritstjórar, ritstjórnarfulltrúar og fréttastjórar, eða svo nefndir „hliðverðir“ (á ensku *gatekeepers*) fjölmiðla, eru að stærstum hluta karlmenn. Í þessu sambandi má nefna að kona hefur aldrei vermt ritstjórstól íslensks dagblaðs, setið í stól útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins og sjáldnast haldið um stjórnartaumana innan einkarekinna hljóðvarps- og sjónvarpsstöðva.² Ennfremur eru dæmi um konur sem skipað hafa stöður ritstjórnarfulltrúa og fréttastjóra teljandi á fingrum annarrar handar.

Ein kona á móti hverjum tveimur karl blaða- og fréttamönnum

Ójöfn staða kynjanna í fjölmiðlum endurspeglar að nokkru í félagatali blaða- og fréttamanna. Þrátt fyrir að hlutur kvenna í hópi blaða- og fréttamanna hafi nokkuð vænkast undanfarin ár hallar enn á þeirra hlut. Af 669 félagsmönnum í Blaðamannafélaginu og Félagi fréttamanna um síðustu áramót var ein af hverjum

¹ Sbr. t.d. álit og tillögur nefndar menntamálaráðherra og Skrifstofu jafnréttismála um konur og fjölmiðla er birtist í *Nefnd um konur og fjölmiðla. Álit og tillögur*, febrúar 2001 (<http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/fjolmidla2.pdf>).

Nýleg fjölþjóðleg rannsókn kann að renna frekari stöðum undir það sjónarmið að karllæg viðhorf innan fjölmiðla ráði miklu varðandi val viðmælenda og um umfjöllunarefni fjölmiðla. –Sjá *Global Media Monitoring Project 2005* (<http://www.whomakesthenews.org/>).

² Eftir því sem næst verður komist hafa konur aðeins verið í forsvari fyrir tvær af þeim 44 hljóðvarpsstöðvum sem settar hafa verið á fót af einkaaðilum og sent hafa út reglubundið eigin dagskrá frá því einkaréttur Ríkisútvarpsins til útvarpsútsendinga var afnuminn í upphafi árs 1986. Þetta eru stöðvarnar *Útvarp Suðurlands* sem starfrækt var á árunum 1997–2003 og *Útvarp Saga* sem verið hefur undir stjórn konu frá árinu 2004. Karlar hafa undantekningarlaust verið í forsvari fyrir þær 15 einkareknu sjónvarpsstöðvar sem settar hafa verið á fót frá 1986.

þremur félagsmönnum kona, eða 34 af hundraði, samanborið við 25 af hundraði félagsmanna beggja félaga árið 1985.


Konum hefur fjölgað umtalsvert innan Blaðamannafélagsins frá 1980, hvort sem er í fjölda eða að tiltölu. Um síðustu áramót voru 209 konur skráðar í félagið, samanborðið við 27 konur árið 1980. Árið 1980 voru fjórir af hverjum fimm félögum í blaðamannastétt karlar, en um síðustu áramót var hlutfallið komið niður í tvo karla á móti einni konu. Síðastliðin fimm ár hefur hlutur kvenna innan Blaðamannafélagsins staðið nánast í stað, eða verið á milli 34 og 35 af hundraði, eftir að hafa aukist svo til jafnt og þétt frá 1980.

Hlutur kvenna innan Félags fréttamanna er jafnvel enn rýrari. Á meðal fullgildra félaga hafa konur verið að jafnaði þrjár á móti hverjum sjö körlum frá 1985 til ársloka 2005. Um síðustu áramót voru 19 konur skráðar í félagið á móti 43 körlum. Konur voru þá einni færri en þegar þær voru flestar árið 1999.

Mynd 2 sýnir hlutfallslega skiptingu félagsmanna Blaðamannafélagsins og Félags fréttamanna eftir kyni á hverju fimm ára tímabili frá 1980/1985 til ársloka 2005 (sjá nánar töflu 1).

Mynd 2. Félagar í félögum blaða- og fréttamanna eftir kyni 1980–2005

Figure 2. Members of associations of journalists by gender 1980–2005



Grafískir hönnuðir og teiknarar

Félag grafískra teiknara

Félag grafískra teiknara var stofnað 1976.¹ Félagið er stéttarfélag teiknara í starfi hjá auglýsingastofum, í prentiðnaði og víðar. Félag grafískra teiknara er aðili að Fjölmíðlasambandinu og ASÍ. Flestir félagsmanna starfa við auglýsingateikn.

Félag grafískra teiknara er aðili að Myndstefi, samtökum myndhöfunda um höfundarrétt vegna opinberrar endurbirtingar og sýningar á verkum þeirra.

Félag íslenskra teiknara

Félag íslenskra teiknara er félagsskapur grafískra hönnuða og myndskreyta á Íslandi. Félagið var stofnað 1953.¹ Félagið er fagfélag fólks sem lokið hefur

¹ Sjá Félag grafískra teiknara, www.simnet.is/fgt/.

viðurkenndu námi í grafískri hönnun eða öðlast starfsréttindi á annan hátt. Hluti félagsmanna eru jafnframt félagsmenn í Félagi grafískra teiknara. Félagið á aðild að Myndstefi.

Fjöldi félagsmanna


Fullgildir félagsmenn í Félagi grafískra teiknara voru 72 við síðustu áramót. Félagsmönnum hefur fækkað umtalsvert frá því þeir voru flestir, 133, árið 1985.

Í árslok 2005 voru á skrá í Félagi íslenskra teiknara 270 fullgildir félagar samanborið við 50 félagsmenn árið 1980. Upplýsingar um fjölda félaga árin 1985 og 1990 eru ekki tiltækar. Félagafjöldinn hefur ríflega fimmfaldast frá 1980.

Mynd 3 sýnir fjölda félaga í félögum grafískra hönnuða og teiknara frá 1980 til 2005. Sjá nánar töflu 1.

Mynd 3. Félagar í félögum grafískra hönnuða 1980–2005

Figure 3. Members of associations of graphic designers 1980–2005



Kynjaskipting

Konur eru ríflega helmingur félagsmanna Félags grafískra teiknara. Árið 1980 voru konur laust innan við 29 af hundraði félagsmanna samanborið við 37,5 prósent í ársbyrjun 2005. Um síðustu áramót voru 27 konur skráðar með fullgilda félagsaðild á móti 45 körlum.


Skipting félagsmanna eftir kyni innan Félags íslenskra teiknara er nokkru jafnari. Konur eru nú um 47 af hundraði félagsmanna samanborið við 36 af hundraði árið 1980. Í upphafi þessa árs voru skráðar 126 konur og 144 karlar í félagið, samanborið við 18 konur og 32 karla árið 1980.

Mynd 4 sýnir skiptingu félagsmanna í félögunum með fimm ára millibili frá árinu 1980 og til ársloka 2005. Sjá nánar töflu 1.

¹ Félag íslenskra teiknara, www.loremipsum.is/?pid=1216.

Mynd 4. Félagar í félögum grafískra hönnuða eftir kyni 1980–2005

Figure 4. Members of associations of graphic designers by gender 1980–2005



Félög listamanna

Tölur Hagstofunnar um fjölda fullgilda félagsmanna í félögum listamanna taka til 15 félaga í hinum ýmsu listgreinum. Öll félögin, utan eitt, eru aðildarfélög Bandalags íslenskra listamanna.

Bandalag íslenskra listamanna

Bandalag íslenskra listamanna

Bandalag íslenskra listamanna var stofnað árið 1928. Tilgangurinn með stofnun bandalagsins var að sameina listamenn í eitt stórt og öflugt félag sem ynni að réttinda- og hagsmunamálum þeirra og til að styðja við vöxt og viðgang íslenskra lista. Aðild að bandalaginu geta þau félög listamanna fengið sem starfa á faglegum grunni og gæta hagsmuna félagsmanna sinna.

Fjórtán aðildarfélög með hátt í 3.000 félaga

Aðildarfélög bandalagsins eru í dag 14 talsins, en þau eru þessi í stafrófsröð: Arkitektafélag Íslands, Félag Íslenskra hljómlistarmanna, Félag íslenskra leikara, Félag íslenskra listdansara, Félag íslenskra tónlistarmanna, Félag kvikmyndagerðarmanna, Félag leikmynda- og búningahöfunda, Félag leikstjóra á Íslandi, Félag tónskálda og textahöfunda, Leikskáldafélag Íslands, Rithöfundasamband Íslands, Samband íslenskra myndlistarmanna, Samtök kvikmyndaleikstjóra og kvikmyndahandritahöfunda og Tónskáldafélag Íslands.¹

Samanlagður fjöldi félagsmanna aðildarfélaga Bandalags íslenskra listamanna var 2.965 í lok árs 2005. Fjölmennast aðildarfélaganna er Félag íslenskra hljómlistarmanna með 666 fullgilda félaga innan sinna vébanda, en fámennast er Félag leikmynda- og búningahöfunda með 27 félaga. Fjöldi félagsmanna aðildarfélaganna er að meðaltali 212, en helmingur félaganna er með innan við 137 félaga innan sinna vébanda (sjá töflu 2).

¹ Sjá *Bandalag íslenskra listamanna*, www.bil.is/.

Félög í einstökum listgreinum

Arkitektar

Arkitektafélag Íslands

Arkitektafélag Íslands var stofnað árið 1939. Fram til ársins 1956 nefndist félagið Húsameistarafélag Íslands er nafni félagsins var breytt í núverandi heiti.¹ Félagið er fagfélag arkitekta. Fullgildir félagsmenn, íslenskir og erlendir, geta aðeins þeir orðið sem lokið hafa viðurkenndu lokaprófi í byggingarlist. Sérstök deild innan félagsins, Launþegafélag arkitekta, fer með samningsrétt fyrir hönd félagsmanna. Arkitektafélag Íslands er aðili að Myndstefi.

Félag íslenskra landslagsarkitekta

Félag íslenskra landslagsarkitekta var sett á fót árið 1978.² Félagið er faglegur vettvangur þeirra sem lokið hafa viðurkenndu námi í landsslagsarkitektúr. Félagið er ekki aðili að Bandalagi íslenskra listamanna.


Fjöldi félagsmanna

Mynd 5 sýnir þróun félagafjölda í félögum arkitekta frá 1980 og fram til síðustu áramóta. Félagsmönnum Arkitektafélags Íslands fjölgaði nær stöðugt fram á miðjan síðusta ártug, er þeim tók að fækka lítillega. Síðustu ár hefur fjöldi félagsmanna staðið að mestu í stað. Lætur nærri að félagafjöldinn hafi nær tvöfaldast frá 1980, en um síðustu áramót voru 274 einstaklingar skráðir með fulla aðild að félaginu, eða 132 fleiri en árið 1980 er félagsmenn voru 142 að tölu.

Fullgildir félagar í Félagi íslenskra landslagsarkitekta voru 56 í ársbyrjun 2006. Félagatalan hefur fast að því tvöfaldast frá 1995 er félagsmenn voru 31 talsins. Tölur um félagafjölda frá fyrri árum eru ekki tiltækar.

Mynd 5. Félagar í félögum arkitekta 1980–2005

Figure 5. Members of associations of architects 1980–2005



¹ Sjá Arkitektafélag Íslands, www.ai.is/.

² Sjá Félag íslenskra landslagsarkitekta, www.fila.is/.

Tónlistarmenn

Félag íslenskra hljómlistarmanna

Félag íslenskra hljómlistarmanna var stofnað árið 1932.¹ Félagið er sameiginlegur vettvangur atvinnuhljómlistarmanna og tónlistarkennara. Félagið er eitt aðildarféлага ASÍ, auk þess sem það á aðild að Sambandi flytjenda og hljómplötu-útgefenda (SFH). Félagsaðild að félaginu geta allir þeir öðlast sem starfa við tónlist samkvæmt kauppöntum sem félagið setur eða semur um við atvinnurekendur. Félagið skiptist upp í deildir eftir viðfangsefni félagsmanna, þ.e. í klassíska deild, jassdeild, auk almennrar deildar. Félagið rekur Tónlistarskóla FÍH.

Félag íslenskra hljómlistarmanna er aðili að Innheimtumiðstöð gjalda (IHM). Þá á félagið aðild að Alþjóðasambandi hljómlistarmanna og Sambandi norrænna hljómlistarmanna.

Félag íslenskra tónlistarmanna

Félag íslenskra tónlistarmanna var sett á fót árið 1940. Félagið er fagfélag kammertónlistarmanna, einleikara og einsöngvara. Félagsréttindi geta þeir öðlast sem lokið hafa viðurkenndu háskólanámi í einleik og söng og öðlast hafa ákveðna reynslu af tónlistarflutningi. Nær allir félagsmenn eru jafnframt félagar í Félagi íslenskra hljómlistarmanna. Félagið er aðili að Norræna einleikarasambandinu, auk þess sem það á aðild að SFH.

Félag tónskálda og textahöfunda

Félag tónskálda og textahöfunda var stofnað 1981 af höfundum dægurtónlistar.² Félaginu er meðal annars ætlað að standa vörð um höfundarétt íslenskra tónskálda og textahöfunda. Félagið er aðili að Sambandi tónskálda og eigenda flutningsréttar, STEFi. Félagsaðild geta þeir öðlast sem samið hafa tónverk og/eða texta við tónverk sem flutt hefur verið opinberlega og að því tilskyldu að þeir hafi veitt STEFi umboð til þess að krefjast höfundarréttargjalda fyrir opinberan flutning þess. Félagið er aðili að Tónlistarráði og Íslenskri tónlistarmiðstöð.

Tónskáldafélag Íslands

Tónskáldafélag Íslands var stofnað árið 1945.³ Tilgangur þess er meðal annars að gæta hagsmuna tónskálda og tónsmiða á innlendum sem erlendum vettvangi. Félagar geta þeir einir orðið sem eru félagar í Félagi íslenskra tónlistarmanna. Tónskáldafélagið er aðili að STEFi.

Fjöldi félagsmanna

Í fjórum félögum tónlistarmanna voru hátt í þúsund félagsmenn í ársbyrjun 2006. Mynd 6 sýnir fjölda félagsmanna í félögunum á hverju fimm ára tímabili frá 1980 til 2005.


¹ Sjá *Félag íslenskra hljómlistarmanna*, www.fih.is/.

² Sjá *Félag tónskálda og textahöfunda*, www.ftt.is/.

³ Sjá nánar um Tónskáldafélagið í Bjarka Sveinbjörnssyni (1997) „Tónlist á Íslandi á 20. öld með sérstakri áherslu á upphaf og þróun elektrónískrar tónlistar á árunum 1960–90.“ Doktorsritgerð í tónvísindum við Institut for Musik og Musikterapi við Álaborgarháskóla (www.ismennt.is/not/bjarki/Phd/phd.html).

Mynd 6. Félagar í félögum tónlistarfólks 1980–2005

Figure 6. Members of associations of musicians 1980–2005



Félagar í Félagi tónskálda og textahöfunda voru 105 við síðustu áramót. Félagsmönnum fjölgaði samfelld allan tíunda áratuginn og fram til síðasta árs, en þeim fækkaði um 60 milli ára 2004 og 2005. Ríflega tvöfalt fleiri félagar voru skráðir í félagið um síðustu áramót en árið 1990 er þeir voru fæstir eða 49 talsins.

Innan vébanda Félags íslenskra tónlistarmanna voru 137 félagar um síðustu áramót. Félagsmönnum hefur fjölgað svo til stöðugt síðasta aldarfjórðung. Tala félagsmanna hefur meira en fimmfaldast frá 1980 er fullgildir félagar voru 27 talsins.

Tónskáldafélag Íslands er fámennast félaga hljómlistarfólks. Við síðustu áramót voru fullgildir félagsmenn 53. Félagsmönnum hefur fjölgað jafnt og þétt um langt árabil og hefur félagatalið ríflega tvöfaldast frá 1980, er félagsmenn voru 24 að tölu.


Félag íslenskra hljómlistarmanna er fjölmennast samtaka tónlistarfólks. Um síðustu áramót voru félagsmenn 666 talsins. Félögum fjölgaði umtalsvert sl. áratug eftir nær stöðuga fækkun allan níunda áratuginn. Félagsmenn voru ríflega tvöfalt fleiri um síðustu áramót en árið 1990 er þeir voru fæstir, 266 að tölu.

Af einstökum deildum innan Félags íslenskra hljómlistarmanna er deild klassískra hljómlistarmanna fjölmennust. Innan hennar voru 375 félagsmenn skráðir um síðustu áramót, eða um 56 af hundraði félagsmanna. Í almennri deild, en innan hennar vébanda eru popp- og rokk-tónlistarmenn og söngvaskáld, voru 26 af hundraði félagsmanna, eða 172, og í deild iðkenda jasstónlistar voru um 18 af hundraði, eða 119 félagar.

Hlutfallsleg skipting félaga eftir deildum í Félagi íslenskra hljómlistarmanna árið 2005 er sýnd á mynd 7. Um skiptingu félagsmanna eftir deildum sjá nánar í töflu 3.

Mynd 7. Félagatal Félags íslenskra hljómlistarmanna eftir deildum 2005

Figure 7. Members of the Icelandic Musicians' Union by divisions 2005



¹ Þ.m.t. popp- og rokkónlistarmenn og söngvaskáld. Including pop and rock musicians and troubadours.

Sviðslistafólk

Félag íslenskra leikara

Félag íslenskra leikara var stofnað árið 1941.¹ Félagið er hagsmuna-, fag- og stéttarfélag leiklistarfólks á Íslandi. Fer félagið með fullt samningsumboð fyrir hönd félagsmanna sinna í kjarasamningum við atvinnurekendur. Félagsmenn geta þeir orðið sem lokið hafa ákveðnum áfanga í viðurkenndu leiklistar-, lista- eða söngnámi og / eða unnið að ákveðnum fjölda verkefna. Félagið skiptist upp í deildir eftir leikhúsum og listvettvangi. Félag íslenskra leikara er aðili að Leiklistarsambandi Íslands, samráðsvettvangi sviðslistafólks og Innheimtumiðstöð gjalda (IHM).

Félag íslenskra listdansara

Félag íslenskra listdansara var stofnað árið 1947.² Markmið félagsins eru m.a. þau að gæta að hagsmunum íslenskra danslistamanna og að stuðla að viðgangi danslistar og dansmennta hér á landi. Félagar geta þeir orðið sem náð hafa tilsettum áfanga í námi hjá viðurkenndum danskennara og að uppfylltum ákveðnum skilyrðum um listræna reynslu. Flestir félagsmanna eru jafnframt með félagsaðild að Félagi íslenskra leikara sem fer með samningsumboð fyrir þeirra hönd gagnvart atvinnurekendum. Félagið á aðild að Leiklistarsambandi Íslands. Þá á félagið aðild að IHM.

Félag leikmynda- og búningahöfunda

Félag leikmynda- og búningahöfunda var stofnað árið 1994. Líkt og heiti félagsins gefur til kynna er það fagfélag leikmynda- og búningahöfunda. Félagið fer með samningsréttarmál félagsmanna sinna sem eru starfandi við fagið. Félagið er aðili að Myndstefi.

Félag leikstjóra á Íslandi

Félag leikstjóra á Íslandi var stofnað árið 1972.³ Félagið er bæði fag- og stéttarfélag leikstjóra og stendur vörð um höfundarrétt. Félagið fer með samningsrétt fyrir hönd leikstjóra gagnvart leikhúsum, hljóðvarpi og sjónvarpi og öðrum þeim sem kunna að ráða leikstjóra til starfa. Til að öðlast félagsréttindi

¹ Sjá *Félag íslenskra leikara*, www.actors-union.is/ eða www.fil.is/.

² Sjá *Félag íslenskra listdansara*, www.dance.is/.

³ Sjá *Félag leikstjóra á Íslandi*, www.ismennt.is/vefir/leikstj/.


verða félagsmenn að hafa lokið viðurkenndu námi í leikstjórnarfræðum, svo og að uppfylla ákveðna starfsreynslu við leikstjórn. Félagið er eitt af aðildarfélögum IHM.

Fjöldi félagsmanna

Félag íslenskra leikara er langfjölmennast félaga leikhúsfólks, en Félag leikmynda- og búningahöfunda fámennast, líkt og lesa má út úr mynd 8. Um síðustu áramót voru fullgildir félagar í Félagi íslenskra leikara 368 talsins. Félagsmenn eru nú 123 fleiri en þeir voru í árslok 1980.

Mynd 8. Félagar í félögum sviðslistafólks 1980–2005

Figure 8. Members of associations of stage artists 1980–2005



Félagar í Félagi leikstjóra á Íslandi voru 83 við síðustu áramót. Fjöldi félagsmanna hefur að mestu staðið í stað nokkur undangengin ár eftir nær stöðuga fjölgun frá því um miðbik níunda áratugarins, er félagsmenn voru 62.

Frá því um miðjan tíunda áratug síðustu aldar hafa félagar í Félagi íslenskra listdansara verið laust um og við hálf hundruðið þar til í fyrra er félagsmönnum fjölgaði nokkuð. Við síðustu áramót voru félagar 65 talsins.

Félag leikmynda- og búningahöfunda er fámennast félaga leiklistarfólks. Innan félagsins voru skráðir 27 félagsmenn í byrjun árs 2006. Félögum hefur fækkað hægt og bitandi undanfarin ár, en árið 2001 voru þeir 42. Upplýsingar um fjölda félagsmanna frá fyrri árum liggja ekki fyrir.

Kvikmyndagerðarmenn

Félag kvikmyndagerðarmanna

Félag kvikmyndagerðarmanna var stofnað sama ár og Sjónvarpið tók til starfa, árið 1966. Félagið er elsta starfandi félag kvikmyndagerðarmanna á Íslandi. Markmið félagsins er að gæta hagsmuna kvikmyndagerðarmanna og stuðla að eflingu kvikmyndagerðar á Íslandi.

Fulltrúar félagsins sitja í stjórnnum Upplýsingaþjónustu MEDIA á Íslandi og Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademiunnar. Félagið tilnefnið einn mann í

stjórn Kvikmyndastofnunar samkvæmt ákvæðum kvikmyndalaga.¹ Þá á félagið aðild að IHM.

Samtök kvikmyndaleikstjóra og kvikmyndahandritahöfunda

Samtök kvikmyndaleikstjóra og kvikmyndahandritahöfunda voru stofnuð árið 1989. Samtökunum er ætlað að gæta hagsmuna þeirra leikstjóra sem starfa við kvikmyndir og sjónvarp. Fulltrúi félagsins situr í stjórn Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakadémiunnar. Félagið á aðild að IHM. Samtökin tilnefna einn mann í stjórn Kvikmyndastofnunar, samkvæmt ákvæðum laga.


Fjöldi félagsmanna

Félagar í Félagi kvikmyndagerðarmanna voru 142 talsins við síðustu áramót, samanborið við 125 félagsmenn árið 1994. Eldri tölur um fjölda félagsmanna eru ekki fyrirliggjandi (sjá mynd 9). Félögum fækkaði nokkuð á tíunda áratugnum, en fæstir urðu þeir 84 árið 1999. Félögum hefur síðan fjölgað um 58.

Félagsmönnum í Samtökum kvikmyndaleikstjóra og kvikmyndahandritahöfunda hefur fjölgað samfelld frá stofnun félagsins árið 1989. Innan samtakanna voru í upphafi árs 2006 skráðir 49 fullgildir félagsmenn samanborðið við 16 árið 1990 (sjá mynd 9).

Mynd 9. Félagar í félögum kvikmyndagerðarmanna 1990–2005

Figure 9. Members of associations of film makers 1990–2005



Rithöfundar

Rithöfundasamband Íslands

Rithöfundasamband Íslands var stofnað árið 1974,² sem stéttarfélag rithöfunda. Rétt til félagsaðildar eiga allir rithöfundar, íslenskir og erlendir, sem hafa fasta búsetu hér á landi. Tilgangur sambandsins er m.a. að gæta hagsmuna og réttar félagsmanna og stuðla almennt að brautargengi bókmennta. Stjórn Rithöfundasambands Íslands gerir samninga við útgefendur, leikhús, fjölmiðla, stofnanir og aðra aðila sem birta eða hafa afnot af verkum félagsmanna.

¹ Lög nr. 137/2001.

² Sjá Rithöfundasamband Íslands, www.rsi.is/.

Rithöfundasambandið á aðild að IHM og Fjölís. Þá tekur sambandið þátt í alþjóðlegu samstarfi og á aðild að alþjóðlegum samtökum og samstarfsvettvangi rithöfunda á Norðurlöndum og víðar.

Leikskáldafélag Íslands

Leikskáldafélag Íslands var stofnað árið 1974.¹ Félagið var stofnað upp úr eldri samtökum leikskálda. Upphaflega nefndist félagið Félag íslenskra leikritahöfunda. Hlutverk Leikskáldafélagsins er m.a. að stuðla að eflingu og viðurkenningu íslensks leikskáldskapar. Félagið er lögformlegur samningsaðili við leikhús og útvarp. Verkefni félagsins eru einkum fólgin í samningagerð við atvinnuleikhúsin, Bandalag íslenskra leikfélaga (sem er samstarfsvettvangur áhugaleikfélaga) og hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar í nánú samráði við Rithöfundasambandið. Rétt til félagsaðildar eiga höfundar sem hafa samið a.m.k. tvö leikverk sem flutt hafa verið opinberlega, á sviði, í útvarpi, eða sem kvikmynd. Félagsmenn Leikskáldafélagsins hafa jafnframt félagsréttindi í Rithöfundasambandinu.

Leikskáldafélagið er aðili að Leiklistarsambandi Íslands og norrænum og alþjóðlegum samtökum leikskálda.

Fjöldi félagsmanna


Félagsmenn Rithöfundasambandsins voru 365 í lok síðasta árs. Félagsmenn hafa aldrei verið fleiri. Félagsmönnum hefur fjölgað nær samfelld frá 1980, eða um hart nær 70 af hundraði.

Innan Leikskáldafélagsins voru í upphafi árs 82 félagsmenn samanborðið við 48 árið 2000. Upplýsingar um félagafjölda frá fyrri árum eru ekki tiltækar.

Mynd 10 sýnir fjölda félagsmanna í Rithöfundasambandinu á hverju fimm ára tímabili á árunum 1980–2005 og í Leikskáldafélaginu árin 2000 og 2005.

Mynd 10. Félagar í samtökum rithöfunda 1980–2005

Figure 10. Members of associations of writers 1980–2005



¹ Sjá *Leikskáldafélag Íslands*, www.leikskald.is/.

Samband íslenskra myndlistarmanna

Myndlistarmenn

Samband íslenskra myndlistarmanna var stofnað árið 1982.¹ Það er hagsmuna- og stéttarfélag myndlistarmanna jafnframt því að vera málsvari þeirra gagnvart hinu opinbera. Sambandið samanstendur af eftirtöldum aðildarfélögum: Félagi íslenskra myndlistarmanna, Íslenskri grafik, Leirlistarfélaginu, Myndhöggvarafélaginu í Reykjavík og Textílfélaginu. Að auki er nokkur hluti félagsmanna með einstaklingsaðild að sambandinu. Að öllu jöfnu geta þeir einir orðið félagar sem lokið hafa háskólaprófi í myndlist, ellegar verða þeir að hafa öðlast ákveðna sýningarreynslu á verkum sínum á viðurkenndum sýningarstöðum, hafa lagt verk sín fyrir dómnefnd, eiga verk í opinberri eigu og/eða hafa hlotið opinberan starfsstyrk til að vinna að list sinni.

Sambandið er aðili að ýmsum samtökum myndlistarmanna og skipar fulltrúa sína í hin ýmsu ráð og nefndir á vegum þess opinbera, eins og Listahátið í Reykjavík, Myndhöfundasjóð, safnaráð Listasafns Íslands og Upplýsingamiðstöð um íslenska myndlist. Þá er sambandið aðili að Alþjóðlegu listamannasamtökunum, Billedkunstnere i Norden, Norræna Myndlistarbandalaginu og European Visual Artists Network. Félagsmenn í sambandinu eru sjálfkrafa aðilar að Myndstefi.


Sambandið starfrækir vinnustofur fyrir félagsmenn sína á Korpúlfsstöðum og alþjóðlega gestavinnustofu í SÍM húsinu.

Fjöldi félagsmanna

Fullgildir félagar að Sambandi íslenskra myndlistarmanna voru 549 talsins í ársbyrjun 2005. Félagsmönnum hefur fjölgað umtalsvert frá 1995 er þeir voru 360 talsins, eða um 52 af hundraði. Tölur frá fyrri árum eru ekki á lausu (sjá mynd 11).

Mynd 11. Félagar í Sambandi íslenskra myndlistarmanna 1995–2005

Figure 11. Members of The Association of Icelandic Visual Artists 1995–2005



¹ Sjá *Samband íslenskra myndlistarmanna*, <http://www.sim.is/> og einnig á vef *Upplýsingamiðstöðvar um íslenska myndlist*, www.umm.is/.


Flestir félagsmenn SÍM eru með einstaklingsaðild að sambandinu

Flestir félagsmenn Sambands íslenskra myndlistarmanna eiga einstaklingsaðild að sambandinu, eða 233 félagar í árslok 2005. Af öðrum einstökum deildum innan sambandsins skiptist félagsaðild þannig að innan Félagsins íslensk myndlist eru 86 félagar, Myndhöggvarafélagsins 85, Íslenskrar grafíkur 50, Leirlistafélagsins 48 og Textílfélagsins 47. Tekið skal fram að félagsmenn geta samtímis átt aðild að fleiru en einu aðildarfélagi.

Hlutfallsleg skipting félagsmanna eftir aðildarfélögum Sambands íslenskra myndlistarmanna við síðustu áramót er sýnd á mynd 12.

Mynd 12. Félagatal Sambands íslenskra myndlistarmanna eftir aðildarfélögum 2005

Figure 12. Members of the Association of Visual Artists by member associations 2005




Kynjaskipting félaga listamanna

Konur litlu færri en karlar innan aðildarfélaga Bandalags íslenskra listamanna

Við síðustu áramót var hlutfall kynja innan aðildarfélaga Bandalags íslenskra listamanna af hverjum tíu félagsmönnum um það bil sex karlar á móti fjórum konum. Af 2.965 félagsmönnum í aðildarfélögunum 14 voru 1.644 karlar á móti 1.321 konu (sjá mynd 13).

Mynd 13. Félagar í aðildarfélögum Bandalags íslenskra listamanna eftir kyni 2005

Figure 13. Members of associations within the Federation of Icelandic Artists by gender 2005



Kynbundin listiðkun

Skipting félagsmanna eftir kyni er nokkuð misjöfn innan einstakra félaga listamanna. Á meðan kynjaskiptingin er tiltölulega jöfn innan fáeinna félaga, er skipting félagsmanna eftir kyni verulega ójöfn innan annarra, svo mjög að tala má um kynbundna listiðkun í sumum greinum.


Skipting félagsmanna eftir kyni árið 2005 í félögum sem aðild eiga að Bandalagi íslenskra listamanna, að viðbættu Félagi íslenskra landsslagsarkitekta, er sýnd á mynd 14.

Karlmenn í meirihluta félagsmanna flestra félaga

Líkt og lesa má út úr myndinni eru karlmenn í meirihluta flestra félaganna, eða í 11 af 15 félögum. Hlutfall karla er hæst í Félagi tónskálda og textahöfunda, eða um níu karlar af hverjum tíu félagsmönnum. Hluttur karla á meðal félagsmanna Tónskáldafélags Íslands er litlu lægri, eða 85 af hundraði félagsmanna. Hluttur karla verður einnig að teljast verulega hár í Samtökum kvikmyndaleikstjóra og kvikmyndahandritahöfunda (73%), Félagi íslenskra hljómlistarmanna (70%), Félagi kvikmyndagerðarmanna (70%), Arkitektafélagi Íslands (70%), en nokkru lægri innan Leikskáldafélags Íslands (66%) og Rithöfundasambands Íslands (64%).

Mynd 14. Félagar í félögum listamanna eftir kyni 2005

Figure 14. Members of associations of artists by gender 2005



Translation: For names of associations see table 2.

Jafnstaða kynjanna innan fimm félaga

Í fimm félögum af 15 er hlutdeild kynjanna næsta áþekk, þar sem ekki skakkar meira en tíu af hundraði í hlutdeild kynjanna af félagafjölda. Skipting félagsmanna eftir kyni innan Félags leikmynda- og búningahöfunda var fast að því að vera jöfn í lok síðasta árs, þar sem 52 af hundraði félagsmanna voru karlar á móti 48 af hundraði konur. Þá skakkaði ekki miklu á hlut karla og kvenna innan Félags íslenskra landslagsarkitekta (54% karlar á móti 46% konum), Félags íslenskra tónlistarmanna (43% karlar á móti 57% konum), Félags leikstjóra (60% karlar á móti 40% konum) og Félags íslenskra leikara (41% karlar á móti 59% konum).

Konur í meirihluta félagsmanna fjöggurra félaga

Í aðeins fjórum félögum teljast konur til meirihluta félagsmanna. Hlutfall kvenna af félagsmönnum var hæst innan Félags íslenskra listdansara, eða um 94 af hundraði fullgildra félaga. Hlutföld kvenna var næst hæst innan Sambands íslenskra myndlistarmanna eða 73 af hundraði félaga. Konur voru einnig í meirihluta félagsmanna innan Félags íslenskra leikara (59%) og Félagi íslenskra tónlistarmanna (57%).

Karlafélög

Hluttur karla á meðal félagsmanna var hæstur innan félags Tónskálda og textahöfunda og Tónskáldafélags Íslands. Í fyrrnefnda félaginu voru karlar um níu af hverjum tíu félagsmönnum við síðustu áramót, en um 85 af hundraði í því síðarnefnda. Hluttur karla verður einnig að teljast verulega hár innan Samtaka kvikmyndaleikstjóra og kvikmyndahandritahöfunda, Félags íslenskra hljómlistarmanna, Félags kvikmyndagerðarmanna og Arkitektafélags Íslands eða um sjö af hverjum tíu félagsmönnum, og einnig að nokkru innan Leikskáldafélagsins (66% karlar á móti 64% konum) og Rithöfundasambandsins (64% karlar á móti 36% konum).

Innan nær allra félaganna hefur dregið úr kynbundinni slagsíðu á meðal félagsmanna (sjá töflu 4). Innan eins félags hefur misvægi í hlutdeild félagsmanna eftir kynjum aukist um langt tímabil, en það er innan Sambands íslenskra myndlistarmanna. Hlutdeild kvenna jókst frá 1995 til 2005 úr 66 í 73 af hundraði (sjá töflu 5).


Kynjaskipting eftir deildum í félögum hljómlistarmanna og myndlistarmanna

Skipting kynja á meðal félagsmanna Félags íslenskra hljómlistarmanna og Sambands íslenskra myndlistarmanna eftir deildum er sýnd á myndum 15 og 16.

Karlar eru hlutfallslega fleiri en konur á meðal jass-, popp- og rokkónlistarmanna, eða um níu af hverjum tíu félagsmönnum (sjá mynd 15). Hlutfall kynjanna er hins vegar tiltölulega jafnt á meðal félagsmanna sem leggja stund á iðkun klassískrar tónlistar (sjá nánar í töflu 3).

Mynd 15. Kynjaskipting félaga í Félagi íslenskra hljómlistarmanna eftir deildum 2005

Figure 15. Members of member associations of the Icelandic Musicians' Union by gender 2005




¹ Þ.m.t. popp- og rokkónlistarmenn og söngvaskáld. Including pop and rock musicians and troubadours.

Innan Sambands íslenskra myndlistarmanna skipa konur meirihluta félagsmanna í öllum sex deildum sambandsins (sjá mynd 16). Allir félagsmenn Leirlistafélagsins og Textílfélagsins eru konur. Hlutfall kvenna af félagsmönnum annarra deilda er

frá 82 af hundraði innan félagsins Íslensk grafík, 72 af hundraði innan Félagsins íslensk myndlist og 65 af hundraði innan Myndhöggvarafélagsins. Konur eru hlutfallslega fæstar með einstaklingsaðild að Sambandinu, eða sex af hverjum tíu félögum (sjá nánar í töflu 5).

Mynd 16. Kynjaskipting félaga í Sambandi íslenskra myndlistarmanna eftir deildum 2005

Figure 16. Members of member associations of The Association of Icelandic Visual Artists by gender 2005



Translation: For names of associations see table 2.

Um gögnin og birtingu þeirra

Upplýsingum um fjölda fullgildra félaga í félögum fjölmiðlafólks, listamanna, grafískra hönnuða og teiknara er safnað árlega saman frá viðkomandi félögum. Fjöldi félagsmanna miðast við árslok viðkomandi árs. Tölur um félagsmenn eru sundurgreindar eftir kyni og deildum þar sem við á og þegar tölur eru tiltækar.

Ítarlegra talnaefni um félagsmenn félaganna er að finna á vef Hagstofunnar (www.hagstofa.is/menningarmal eða Hagtölur > Menningarmál > Félög). Tölur eru uppfærðar árlega. Ítarlegri tölur um fjölda félagsmanna en hér eru tilgreindar hafa verið birtar í ritinu *Fjölmiðlun og menning 1999 og 2003*.

Summary

This issue of the *Statistical Series* presents information on the number of full members of associations of media people, graphic designers, and artists with five years intervals from 1980 to 2005 divided by gender. Members are counted at end-of-year. In recent years the number of members has increased significantly in most of the associations under review here. Members within the two associations of media people numbered 669 people at year's end 2005, signifying more than a twofold increase since the mid-1980s. At end-of-year 2005 there was one woman member against every two men in the journalistic profession. The number of members of two associations of graphic designers totalled 342 in 2005, divided almost equally between the sexes.

Information is here presented on the 15 associations of artists and architects. Largest of these associations, the Icelandic Musician's Union had 666 members at end-of-year 2005. The Scenographers' and Costume Designers' Guild is the smallest of the artists' associations with 27 members. There is a significant disparity between the sexes in the membership of most of the associations of artists. Men were in majority of 11 of 15 associations in total, while women were the majority of members of only four.

More detailed numerical information on the associations under review here is available from the Web site of Statistics Iceland (www.statice.is, placed under the subheadings: statistics > culture > associations). Figures are updated every year.

Tafla 1. Félög fjölmiðlafólks og auglýsingahönnuða 1980–2005*Table 1. Members of associations of journalists and graphic designers 1980–2005*

Í árslok <i>End-of year data</i>	Stofnár Year of establishment		Fullgildir félagar <i>Full members</i>					
			1980	1985	1990	1995	2000	2005
Blaðamannafélag Íslands	1897/1937	Alls <i>Total</i>	154	208	257	390	465	607
<i>Union of Icelandic Journalists</i>		Karlar <i>Males</i>	127	156	181	278	305	398
		Konur <i>Females</i>	27	52	76	112	160	209
Félag fréttamanna ¹	1983	Alls <i>Total</i>	•	43	52	54	59	62
<i>The Society of Broadcast Journalists¹</i>		Karlar <i>Males</i>	•	31	36	35	43	43
		Konur <i>Females</i>	•	12	16	19	16	19
Félag grafískra teiknara	1976	Alls <i>Total</i>	115	133	78	62	68	72
<i>Union of Graphic Designers</i>		Karlar <i>Males</i>	82	95	43	35	34	45
		Konur <i>Females</i>	33	38	35	27	34	27
Félag íslenskra teiknara ²	1953	Alls <i>Total</i>	50	•	•	160	220	270
<i>Association of Graphic Designers²</i>		Karlar <i>Males</i>	32	•	•	88	121	144
		Konur <i>Females</i>	18	•	•	72	99	126

¹ Eingöngu fréttamenn Ríkisútvarpsins, Hljóðvarps og Sjónvarps. *Only reporters of the Icelandic National Broadcasting Service - Radio and Television.*

² Starfsemi félagsins lá niðri á árunum 1980–1992. *The association was inactive in the years 1980–1992.*

Heimild Source: Upplýsingar félaganna. *Information from the associations.*

Tafla 2. Félög listamanna 1980–2005*Table 2. Members of associations of artists 1980–2005*

Í árslok <i>End-of year data</i>	Stofnár <i>Year of establishment</i>		Fullgildir félagar <i>Full members</i>					
			1980	1985	1990	1995	2000	2005
Aðildarfélög Bandalags íslenskra listamanna <i>Associations of Federation of Icelandic Artists</i>								
Arkitektafélag Íslands ¹ <i>Association of Icelandic Architects¹</i>	1939	Alls Total	142	227	272²	299	268	274
		Karlar <i>Males</i>	126	182	211	212	189	191
		Konur <i>Females</i>	16	45	61	87	79	83
Félag íslenskra hljómlistarmanna <i>Icelandic Musicians' Union</i>	1932	Alls Total	380	307	266	282	528	666
		Karlar <i>Males</i>	304	239	206	195	381	465
		Konur <i>Females</i>	76	68	60	87	147	201
Félag íslenskra leikara <i>Icelandic Actors' Association</i>	1941	Alls Total	245	255	271	315	363	368
		Karlar <i>Males</i>	130	135	148	179	154	151
		Konur <i>Females</i>	115	120	123	136	209	217
Félag íslenskra listdansara <i>Icelandic Ballet Union</i>	1947	Alls Total	...	...	...	...	47	65
		Karlar <i>Males</i>	...	...	...	...	2	4
		Konur <i>Females</i>	...	...	...	...	45	61
Félag íslenskra tónlistarmanna <i>Society of Icelandic Musicians</i>	1940	Alls Total	27	51	71	93	121	137
		Karlar <i>Males</i>	14	29	40	52	57	59
		Konur <i>Females</i>	13	22	31	41	64	78
Félag kvikmyndagerðarmanna <i>Icelandic Film Makers Association</i>	1966	Alls Total	...	...	...	125³	100	142
		Karlar <i>Males</i>	...	...	...	96	65	99
		Konur <i>Females</i>	...	...	...	29	35	43
Félag leikmynda- og búningahöfunda <i>Scenographers' and Costume Designers' Guild</i>	1994	Alls Total	•	•	•	...	...	27
		Karlar <i>Males</i>	•	•	•	...	...	14
		Konur <i>Females</i>	•	•	•	...	...	13
Félag leikstjóra á Íslandi <i>Icelandic Stage Directors' Society</i>	1972	Alls Total	...	62	65	73	84	83
		Karlar <i>Males</i>	...	43	42	46	52	50
		Konur <i>Females</i>	...	19	23	27	32	33
Félag tónskálda og textahöfunda <i>Icelandic Songwriters' Association</i>	1981	Alls Total	•	60	49	58	128	105
		Karlar <i>Males</i>	•	56	47	55	115	93
		Konur <i>Females</i>	•	4	2	3	13	12
Leikskáldafélag Íslands <i>The Icelandic Dramatists' Union</i>	1974	Alls Total	...	...	...	...	48	82
		Karlar <i>Males</i>	...	...	...	...	31	54
		Konur <i>Females</i>	...	...	...	...	17	28
Rithöfundasamband Íslands <i>The Writer's Union of Iceland</i>	1974	Alls Total	215	236	327	341	341	365
		Karlar <i>Males</i>	177	187	236	231	231	233
		Konur <i>Females</i>	38	49	91	110	110	132

Tafla 2. Félög listamanna 1980–2005 (frh.)
Table 2. Members of associations of artists 1980–2005 (Cont.)

Í árslok <i>End-of year data</i>	Stofnár <i>Year of establishment</i>		Fullgildir félagar <i>Full members</i>					
			1980	1985	1990	1995	2000	2005
Samband íslenskra myndlistarmanna <i>The Association of Icelandic Visual Artists</i>	1982	Alls <i>Total</i> Karlar <i>Males</i> Konur <i>Females</i>	... • •			360 122 238	463 122 341	549 150 399
Samtök kvikmyndaleikstjóra og kvikmyndahandritahöfunda <i>Association of Icelandic Film Directors and Script Writers</i>	1989	Alls <i>Total</i> Karlar <i>Males</i> Konur <i>Females</i>	• • •	• • •	16 12 4	21 15 6	35 27 8	49 36 13
Tónskáldafélag Íslands <i>Society of Icelandic Composers</i>	1945	Alls <i>Total</i> Karlar <i>Males</i> Konur <i>Females</i>	24 23 1	28 26 2	37 34 3	41 36 5	43 38 5	53 45 8
Önnur félög <i>Other associations</i>								
Félag íslenskra landslagsarkitekta <i>Association of Icelandic Landscape Architects</i>	1978	Alls <i>Total</i> Karlar <i>Males</i> Konur <i>Females</i>				31	46	56 30 26

¹ Upphaflega Húsameistarafélag Íslands til 1956 er heiti félagsins var breytt í Arkitektafélag Íslands. *Name changed in 1956 from The Association of Icelandic Builders to Association of Icelandic Architects.*

² Tala vísar til 1991. *Figure refers to the year 1991.*

³ Tala vísar til 1994. *Figure refers to the year 1994.*

Heimild Source: Upplýsingar félaganna. *Information from the associations.*

Tafla 3. Félagatal Félags íslenskra hljómlistarmanna eftir deildum 1996–2005
Table 3. Members of the Icelandic Musicians' Union by divisions 1996–2005

Í árslok <i>End-of year data</i>	Fjöldi félagsmanna <i>No. of members</i>	Klassik <i>Classical</i>	Jass <i>Jazz</i>	Aðrir ¹ <i>Other¹</i>
Alls <i>Total</i>				
1996	337	150	60	127
2000	528	271	132	125
2005	666	375	119	172
Karlar <i>Males</i>				
1996	237	85	50	102
2000	381	165	111	105
2005	465	207	110	148
Konur <i>Females</i>				
1996	100	65	10	25
2000	147	106	21	20
2005	201	168	9	24

¹ Þ.m.t. popp- og rokktonlistarmenn og söngvaskáld. *Including pop and rock musicians and troubadours.*

Heimild Source: Félag íslenskra hljómlistarmanna. *The Icelandic Musicians' Association.*

Tafla 4. Félagar í félögum listamanna 1980–2005 eftir kyni. Hlutfallsleg skipting, %*Table 4. Members of associations of artists 1980–2005 by gender. Per cent distribution*

Tölur í árslok <i>End-of-year data</i>			1980	1985	1990	1995	2000	2005
Arkitektar <i>Architects</i>	Arkitektafélag Íslands <i>Association of Icelandic Architects</i>	Karlar <i>Males</i>	89	80	78	71	71	70
		Konur <i>Females</i>	11	20	22	29	29	30
	Félag íslenskra landslagsarkitekta <i>Association of Icelandic Landscape Architects</i>	Karlar <i>Males</i>	...	...	...	...	...	54
		Konur <i>Females</i>	...	...	...	...	...	46
Tónlistarmenn <i>Musicians</i>	Félag íslenskra hljómlistarmanna <i>Icelandic Musicians' Union</i>	Karlar <i>Males</i>	80	78	77	69	72	70
		Konur <i>Females</i>	20	22	23	31	28	30
	Félag íslenskra tónlistarmanna <i>Society of Icelandic Musicians</i>	Karlar <i>Males</i>	52	57	56	56	47	43
		Konur <i>Females</i>	48	43	44	44	53	57
	Félag tónskálda og textahöfunda <i>Icelandic Songwriters' Association</i>	Karlar <i>Males</i>	•	93	96	95	90	89
		Konur <i>Females</i>	•	7	4	5	10	11
	Tónskáldafélag Íslands <i>Society of Icelandic Composers</i>	Karlar <i>Males</i>	96	93	92	88	88	85
		Konur <i>Females</i>	4	7	8	12	12	15
Leikhúsfólk <i>Stage artists</i>	Félag íslenskra leikara <i>Icelandic Actors' Association</i>	Karlar <i>Males</i>	53	53	55	57	42	41
		Konur <i>Females</i>	47	47	45	43	58	59
	Félag íslenskra listdansara <i>Icelandic Ballet Union</i>	Karlar <i>Males</i>	...	...	...	...	4	6
		Konur <i>Females</i>	...	...	...	...	96	94
	Félag leikmynda- og búningahöfunda <i>Scenographers' and Costume Designers' Guild</i>	Karlar <i>Males</i>	•	•	•	...	...	52
		Konur <i>Females</i>	•	•	•	...	...	48
	Félag leikstjóra á Íslandi <i>Icelandic Stage Directors' Society</i>	Karlar <i>Males</i>	...	69	65	63	62	60
		Konur <i>Females</i>	...	31	35	37	38	40
Kvikmynda- gerðarmenn <i>Film people</i>	Félag kvikmyndagerðarmanna <i>Icelandic Film Makers Association</i>	Karlar <i>Males</i>	...	...	...	77	65	70
		Konur <i>Females</i>	...	...	...	23	35	30
	Samtök kvikmyndaleikstjóra og kvikmyndahandritahöfunda <i>Association of Icelandic Film Directors and Script Writers</i>	Karlar <i>Males</i>	•	•	75	71	77	73
		Konur <i>Females</i>	•	•	25	29	23	27
Rithöfundar <i>Writers</i>	Leikskáldafélag Íslands <i>The Icelandic Dramatists' Union</i>	Karlar <i>Males</i>	...	...	...	...	65	66
		Konur <i>Females</i>	...	...	...	...	35	34
	Rithöfundasamband Íslands <i>The Writer's Union of Iceland</i>	Karlar <i>Males</i>	82	79	72	68	68	64
		Konur <i>Females</i>	18	21	28	32	32	36
Myndlistarmenn <i>Visual artists</i>	Samband íslenskra myndlistarmanna <i>The Association of Icelandic Visual Artists</i>	Karlar <i>Males</i>	•	...	...	34	26	27
		Konur <i>Females</i>	•	...	...	66	74	73

Heimild Source: Upplýsingar félaganna. *Information from the associations.*

Tafla 5. Félagatal Sambands íslenskra myndlistarmanna eftir aðildarfélögum 1996–2005*Table 5. Members of the Association of Visual Artists by member associations 1996–2005*

Í árslok <i>End-of-year data</i>	Fjöldi félagsmanna <i>Number of members</i>	Félagið íslensk myndlist <i>Painters</i>	Mynd- höggvara- félagið <i>Sculptors</i>	Íslensk grafik <i>Printmakers</i>	Leirlista- félagið <i>Ceramists</i>	Textilfélagið <i>Textile artists</i>	Einstaklings- aðild <i>Individual membership</i>
<i>Alls Total</i>							
1996	402	106	68	55	35	37	124
2000	463	110	79	49	41	44	140
2005	549	86	85	50	48	47	233
<i>Karlar Males</i>							
1996	127	43	31	10	2	–	54
2000	122	35	29	6	–	–	52
2005	150	24	30	9	–	–	87
<i>Konur Females</i>							
1996	275	63	37	45	33	37	70
2000	341	75	50	43	41	44	88
2005	399	62	55	41	48	47	146

Skýringar Notes: Tölur í árslok. Samanlagður félagafjöldi aðildarfélaga þarf ekki að vera sá sami og fjöldi félagsmanna SÍM þar sem félagsaðild er heimil að fleirum en einu félagi innan vébanda sambandsins. *End-of-year data. Total number of members of the Association of Visual Artists does not necessarily have to be the same as total membership of its member associations.*

Heimild Source: Samband íslenskra myndlistarmanna. *The Association of Icelandic Visual Artists.*

Hagtiðindi
Statistical Series

91. árgangur nr. 20

ISSN 0019-1078

Menningarmál
Culture

2006:1

ISSN 1670-4711 (pappír *paper*) • ISSN 1670-472X (pdf)

Verð ISK 800 *Price EUR 11*

Umsjón *Supervision* Ragnar Karlsson • ragnar.karlsson@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099